

375. fundur

375. fundur Sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 14. desember 2023 kl. 15:00 Ráðhús.

Fundarmenn

Þorleifur Karl Eggertsson, oddviti,
Magnús Magnússon, varaoddviti,
Sigríður Ólafsdóttir, aðalmaður,
Friðrik Már Sigurðsson, aðalmaður,
Magnús Vignir Eðvaldsson, aðalmaður,
Elín Lilja Gunnarsdóttir, aðalmaður,
Þorgrímur Guðni Björnsson, aðalmaður.

Starfsmenn

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri,
Elín Jóna Rósinberg, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundargerð ritaði: Elín Jóna Rósinberg.

1. Samþykkt um stjórn Húnaþings vestra, seinni umræða - 2311016

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir samþykkt um stjórn Húnaþings vestra, en fyrri umræða samþykktarinnar fór fram á 374. fundi sveitarstjórnar þann 9. nóvember sl.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Tillaga að breytingu á samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Húnaþings vestra - 2312013

Lögð fram tillaga frá Þorgrími Guðna Björnssyni um breytingar á samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Húnaþings vestra.

„Breyting á reglugerð um "Samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Húnaþings vestra".

Breytingin felst í því að við 5.gr. og 9.gr. reglugerðarinnar bætist orðalagið "Hafi fulltrúi starfsstöð á Hvammstanga og fari fundur fram á dagvinnutíma þar sem fulltrúi samnýtir ferð

til fundar og vinnu sé ekki greitt aukalega fyrir akstur."

Tillaga að breytingu hljóðar því svona:

5. gr.

Fulltrúar í sveitarstjórn fá að auki greitt sérstaklega fyrir hvern setinn fund í sveitarstjórn sem nemur 3% af þingfararkaupi, nú kr. 40.367, að viðbættum akstri. Fulltrúar í byggðarráði fá greitt sérstaklega fyrir hvern setinn fund í byggðarráði sem nemur 2% af þingfararkaupi, nú kr. 26.912, að viðbættum akstri.

Varamenn fá greidd sömu laun og aðalmenn fyrir þá fundi sem þeir sitja að viðbættum akstri. "Hafi fulltrúi starfsstöð á Hvammstanga og fari fundur fram á dagvinnutíma þar sem fulltrúi samnýtir ferð til fundar og vinnu sé ekki greitt aukalega fyrir akstur."

9. gr

Fyrir hvern setinn fund fá aðalmenn sem skipaðir eru af sveitarstjórn í fastanefndir greidda þóknun sem

nemur 1% af þingfararkaup nú kr. 13.456, að viðbættum akstri, og formenn nefnda 2% af þingfararkaupi nú kr. 26.912, að viðbættum akstri. "Hafi fulltrúi starfsstöð á Hvammstanga og fari fundur fram á dagvinnutíma þar sem fulltrúi samnýtir ferð til fundar og vinnu sé ekki greitt aukalega fyrir akstur."

Undantekning frá þessu eru fulltrúar í ungmennaráði sem fá greiddan 1/3 af almennum nefndarlaunum, nú kr. 4.485 fyrir hvern fund af öldungaráði sem fá greiddan 2/3 af almennum nefndarlaunum, nú kr. 8.970 fyrir hvern fund. Formenn ungmenna- og öldungarráðs fá greidd tvöföld laun viðkomandi nefnda fyrir hvern fund.

Fastar nefndir sveitarfélagsins eru:

- Skipulags- og umhverfisráð
- Landbúnaðarráð
- Fræðsluráð
- Félagsmálaráð
- Ungmennaráð
- Öldungaráð

Starfsfólk sveitarfélagsins fær ekki greidda sérstaka þóknun fyrir setu á nefndarfundum nema viðkomandi sitji fund sem kjörinn fulltrúi.

Tilgangur breytingarinnar er að fulltrúi fái vissulega greitt fyrir ferðir þurfi hann að gera sér sér ferð frá lögheimili sínu til þess að mæta á fund nefnda eða ráðs á vegum Húnaþings vestra. Með því að ná að samnýta ferð vegna vinnu og fundar nær fulltrúi að stíga skref til móts við þau markmið sem sveitarfélagið er hafið með innleiðingu á grænum skrefum."

Tillagan borin undir atkvæði og felld með 5 atkvæðum gegn 2 atkvæðum fulltrúa N-lista.

3. Úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2023/2024 - 2312002

Fyrir liggur tilkynning matvælaráðuneytis um úthlutun byggðakvóta til Húnaþings vestra á fiskveiðiarinu 2023/2024. Er sveitarfélaginu gefinn frestur til 29. desember 2023 til að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur vegna úthlutunar kvótans.

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir eftirfarandi reglur um úthlutun 130 þorskígildistonna byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2023/2024:

Ákvæði reglugerðar nr. 852/2023 gilda um úthlutun byggðakvóta Húnaþings vestra með eftirfarandi viðauka/breytingum:

I. 1. másl. 1. málgr. 4. gr:

a. 50% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og fengið hafa úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 851/2022 vegna aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 1370/2022, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2022/2023. Við skiptingu þessa 50% byggðakvóta Húnaþings vestra, til ofangreindra skipa, skal miða við meðaltal landaðs botnfiskafla í þorskígildum talið, í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í Hvammstangahöfn fiskveiðiaríð 2022/2023.

b. 50% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 852/2023, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2023/2024. Skiptingunni verður háttað með þeim hætti að hvert fiskiskip sem uppfyllir framangreind ákvæði hlýtur að lágmarki 10 tonn og eftirstöðvum úthlutað miðað við meðaltal landaðs botnfiskafla, í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í Hvammstangahöfn fiskveiðiaríð 2022/2023.

c. Skip eiga rétt til úthlutunar úr báðum pottum samkvæmt a- og b-lið, að uppfylltum skilyrðum.

Rökstuðningur er sá að af þeim bátum sem gera út frá Hvammstanga er aðeins hluti þeirra sem varð fyrir áhrifum aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa. Fyrir þá báta sem ekki hljóta kvóta vegna rækjubrests er mjög erfitt að safna upp löndunarreynslu og því er lagt til að sá hluti byggðakvótans sem b.liður nær yfir verði að lágmarki veitt 10 tonnum á hvern bát og því sem eftir stendur úthlutað út frá löndunarreynslu.

II. 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu 1. september 2023 til 31. ágúst 2024.

Rökstuðningur er sá að í byggðarlaginu er engin fiskvinnsla.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Friðrik Már Sigurðsson vék af fundi kl. 15:20.

4. Beiðni um lausn úr sveitarstjórn - 2311073

Með bréfi dagsettu 24. nóvember 2023 óskar Friðrik Már Sigurðsson eftir lausn úr sveitarstjórn, ráðum og nefndum Húnaþings vestra frá 31. desember 2023 til loka kjörtímabils með vísan til 30. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 23. gr. samþykktar um stjórn Húnaþings vestra nr. 588/2019 sökum óhóflegs álags.

Fyrsti varamaður, Ingveldur Ása Konráðsdóttir, hefur beðist undan því að taka fast sæti í sveitarstjórn með vísan til 30. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 23. gr. samþykktar um stjórn Húnaþings vestra nr. 588/2019 sökum óhóflegs álags. Hefur hún óskað eftir því að vera áfram fyrsti varamaður.

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

„Sveitarstjórn samþykkir beiðni Friðriks Más um lausn úr sveitarstjórn. Eru honum færðar bestu þakkir fyrir störf sín í þágu sveitarfélagsins og óskað velfarnaðar í verkefnum sínum í framtíðinni. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt beiðni Ingveldar Ásu um að hún verði áfram fyrsti varamaður. Annar varamaður, Ingimar Sigurðsson, tekur því fast sæti Friðriks Más í sveitarstjórn frá 1. janúar 2024.“

Samþykkt með 6 atkvæðum.

Friðrik Már Sigurðsson kom til fundar að nýju kl. 15:23.

5. Kosningar - 2312015

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

„Endurtilnefning í byggðarráð

Byggðarráð, aðalmenn

Magnús Magnússon, formaður

Elín Lilja Gunnarsdóttir, varaformaður

Magnús Vignir Eðvaldsson

Byggðarráð, varamenn

Þorleifur Karl Eggertsson

Sigríður Ólafsdóttir

Þorgrímur Guðni Björnsson

Endurtilnefning í skipulags- og umhverfisráð

Skipulags- og umhverfisráð, aðalmenn

Ingimar Sigurðsson, formaður

Birkir Snær Gunnlaugsson, varaformaður

Fríða Marý Halldórsdóttir

Óskar Már Jónsson

Hallfríður Sigurbjörg Óladóttir

Skipulags- og umhverfisráð, varamenn

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir

Valdimar H. Gunnlaugsson

Guðný Helga Björnsdóttir

Guðjón Þórarinn Loftsson

Erla Björg Kristinsdóttir

Endurtilnefning í landbúnaðarráð

Landbúnaðarráð, aðalmenn

Sigríður Ólafsdóttir, formaður

Dagný Sigurlaug Ragnarsdóttir, varaformaður

Dagbjört Diljá Einþórsdóttir

Halldór Pálsson

Guðrún Eik Skúladóttir

Landbúnaðarráð, varamenn

Ingveldur Linda Gestsdóttir
Guðmundur Ísfeld
Gísli Grétar Magnússon
Ingveldur Ása Konráðsdóttir
Ármann Pétursson

Endurtilnefning í stjórn SSNV
Magnús Magnússon, aðalmaður
Þorleifur Karl Eggertsson, varamaður.“
Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6. Viðauki nr. 2 við fjárhagsáætlun ársins 2023 - 2312012

Lögð er til eftirfarandi breyting á fjárhagsáætlun ársins 2023.

„Eignasjóður

Skóla- og frístundasvæði grunnskólans kr. 1.600.000

Íþróttamiðstöðin, endurnýjun lagna kr. 22.000.000

Gangstéttar kr. -2.000.000

Vatnsveita

Vatnsveitulögn Hvammstangi að Laugarbakka kr. 5.500.000

Hitaveita

Endurnýjun dreifikerfis Hvammstanga kr. -20.000.000

Samtals kr. 7.100.000

Hækkun á eignfærðri fjárfestingu er mætt með lækkun handbærs fjár.

Vinna við nýjan körfuboltavöll verður umfangsmeiri en upphaflega var áætlað.

Framkvæmdir við íþróttamiðstöðina verða umfangsmeiri en upphaflega var áætlað, m.a. vegna ófyrirséðra bilana, aukins umfangs við dúklagningu laugar og meira umfangs lagnavinnu en gert hafði verið ráð fyrir, m.a. vegna leka á botnloka og endurnýjunar fleiri stúta en áætlað hafði verið.

Vinna við eignfærslu gagnstétta var umfangsminni en áætlað var árið 2023.

Viðauki vegna vatnsveituframkvæmdarinnar við vatnsveitulögnina frá Hvammstanga að Laugarbakka skapast af efniskaupum vegna stærri lagnar en upphaflega var gert ráð fyrir. Ekki náðist að fara í vinnu við endurnýjun dreifikerfis hitaveitunnar á Hvammstanga líkt og upphaflega var áætlað. Kostnaður vegna efniskaupa jafnast á móti nýtingum ársins.“
Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

7. Byggðarráð - 1197 - 2311004F

2311031 4. dagskrárliður, umsókn um lóðina Lindarveg 12.

Afgreiðsla byggðarráðs borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

2311038 8. dagskrárliður, tilboð í fasteignina Lindarveg 3a.

Afgreiðsla byggðarráðs borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

8. Byggðarráð - 1198 - 2311005F

2309038 3. dagskrárliður leiðbeiningar um starfslok og gjafir til starfsfólks Húnaþings vestra. Afgreiðsla byggðarráðs borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

9. Byggðarráð - 1199 - 2312001F

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

10. Skipulags- og umhverfisráð - 363 - 2311010F

10.1. 2311020 Hvammstangakirkjugarður.

Um er að ræða stækkun lóðar undir kirkjugarð í Kirkjuhvammi, lóð L195786.

Dagskrárliðurinn borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

10.2. 2311007 Laugarbakki Höfði, afmörkun lands.

Dagskrárliðurinn borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

10.3. 2309009 Laugarbakki-Reykjahöfði.

Dagskrárliðurinn borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

10.4. Skróðvangur, kynning á uppbyggingu.

Lagt fram til kynningar.

10.5. 2312009 Ás, afmörkun lóðar.

Dagskrárliðurinn borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

10.6. 2312010 Hvammstangabraut 41, afmörkun lóðar.

Dagskrárliðurinn borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

10.7. 2312011 Hvammstangabraut 39, afmörkun lóðar.

Dagskrárliðurinn borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

10.8. 2311058 Staðarskáli, umsókn um byggingarheimild.

Dagskrárliðurinn borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

10.9. 2311014 Reykjaskóli, umsókn um stöðuleyfi.

Dagskrárliðurinn borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

Fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

11. Fræðsluráð - 242 - 2311007F

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

12. Félagsmálaráð - 250 - 2311008F

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

13. Landbúnaðarráð - 205 - 2311006F

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

14. Öldungaráð - 8 - 2311003F

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

15. Skýrsla sveitarstjóra - 2311018

Unnur Valborg Hilmarsdóttir sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta reglulega sveitarstjórnarfundi. Skýrslan var flutt munnlega og til kynningar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16:47.